

ekki skylt að staðfesta framburð sinn með eiði, en væri fúst að staðfesta hann með drengskaparheiti.

Umboðsmaður gerðarþola krafðist þess þá, að vitnið yrði látið staðfesta framburð sinn með drengskaparheiti, enda yrði það ekki skyldað til að svara framangreindri spurningu fógeta, sbr. hæstaréttardóm frá 1954, dómasafn bls. 16—17.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist þess þá, að vitnið yrði skyldað til að svara spurningu fógeta, þar eð hinn tilvitnaði hæstaréttardómur ætti ekki við um tilvik það, er hér um ræðir.

Samkvæmt 222. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 gildir 134. gr. sömu laga um staðfestingu í fógetaréttarmálum. Samkvæmt því ákvæði fer staðfesting fram með eiðvinningu, ef vitni er í viðurkenndu trúfélagi og tjáir sig að gefnu tilefni fyrir dómara trúa á guð. Ella skal staðfesting fara fram með drengskaparheiti. Leiðir af því, að staðfesting getur ekki farið fram, ef vitni neitar að svara spurningu sem þeirri, er hér um ræðir.

Því úrskurðast:

Vitninu Hallgrími Jónssyni er skylt að svara framan- greindri spurningu fógeta, áður en hægt er að ákveða, á hvern hátt það skuli staðfesta framburð þess hér fyrir dóminum.

Miðvikudaginn 5. desember 1962.

Nr. 161/1962. **Gunnar Ásgeirsson**
 gegn
Áka Jakobssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögbann. Frávisun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Þórðarson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. október 1962, er barst dóminum hinn 16. nóvember s. á. Hann krefst þess, að lögbann verði sett við fram-

kvæmdum Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns á lóð hans og sóknaraðilja við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík, gegn tryggingu, sem eigi verði ákveðin hærri en kr. 250.000.00, og að teknir verði gildir sem trygging fyrir lögbanninu tveir víxlar, annar að fjárhæð kr. 50.000.00, eiginn víxill, útgefinn af sóknaraðilja, og hinn að fjárhæð kr. 200.000.00, samþykktur af sóknaraðilja og útgefinn af Einari Gunnarssyni, Smáratúni 32, Keflavík. Enn krefst hann, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Í máli þessu er gerð krafa um framkvæmd lögbannsgerðar að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Málið sætir því eigi kærui til Hæstaréttar, sbr. 3. t.l.a 21. gr. laga nr. 57/1962, og ber sjálfkrafa að vísa því frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaðóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 26. okt. 1962.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Gunnars Ásgeirssonar, Smáratúni 32, Keflavík, hefur þess verið krafizt, að lögbann verði lagt við því, að Áki Jakobsson, Mávahlíð 36, Reykjavík, haldi áfram framkvæmdum á lóð við Brekkustíg í Njarðvíkurhreppi gegn þeirri tryggingu, er rétturinn metur gilda. Á síðara stigi málsins hefur hann krafizt, að 250.000 kr. víxlar, sem áður hafa verið settir sem trygging, verði teknir gildir.

Af hálfu gerðarþola er mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögbannsgerðar og þess krafizt, að um hana verði synjað. Ennfremur hefur gerðarþoli krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda. En ef fógeti teldi rétt að taka kröfu gerðarbeiðanda um lögbann til greina, er þess krafizt, að gerðarbeiðanda verði gert að setja lögbannstryggingu, kr. 1.000.000.00 í peningum.

Lögbannsbeiðni þessi barst fógetaréttinum hinn 19. júlí 1962 og var tekin fyrir 27. júlí og þá lagt lögbann við framkvæmdum, þar sem gerðarþoli hafði ekki mætt.

Síðan fóru að berast réttinum ýmis gögn, er urðu þess valdandi ásamt beiðni gerðarþola, að lögbannið var fellt niður og gerðin tekin fyrir að nýju. Þessum aðförum fógeta vildi gerðarbeiðandi ekki una, kærði þessa meðferð til Hæstaréttar, og stöðvaðist málið því hér fyrir réttinum. Hæstiréttur vísaði síðan málinu til fógetaréttarins til meðferðar og uppsögu rökstudds úrskurðar, og kom það hér aftur fyrir 8. október s.l. Síðan hafa aðiljar beðið um fresti á víxl til framlagningar á skjölum, en málið var síðan tekið til úrskurðar 19. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 14. sept. 1961, fara þeir gerðarbeiðandi og gerðarþoli í máli þessu á leit við stjórn Landshafnar Keflavíkur-kaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, að þeim verði veitt lóð til að byggja á fiskhús til söltunar, beitingahús og mötuneyti svo og hús til fiskþurrkunar. Hinn 28. nóvember úthlutaði stjórn Landshafnarinnar í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi þeim lóð við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík. Að því er virðist, hafa þeir félagar hafið ýmsan undirbúning að væntanlegum framkvæmdum, t. d. fengið teiknuð hús, ráðið meistara til að sjá um byggingar o. fl.

Er kom fram á útmánuði 1962, fór samvinna á milli þeirra félaga að gerast allerfið, og svo fór að lokum, að upp úr slitnaði.

Gerðarbeiðandi og gerðarþoli virðast án samvinnu hafa byrjað framkvæmdir á lóðinni um svipað leyti, eða um mánaðamótin maí og júní s.l. Framkvæmdir gerðarbeiðanda virðast þó óverulegar, því að brátt hætti hann framkvæmdum. Gerðarþoli hélt hins vegar framkvæmdum áfram, og er lögbanns þessa var beiðzt, hafði hann slegið upp talsverðu af steypumótum, haldið síðan verkinu áfram, og mun nú að mestu vera lokið að steypa upp 700 m² hús á lóðinni. Talsvert mun þó vanta á, að hús þetta sé komið í það ástand, að hægt sé að taka það í notkun.

Hinn 21. júní 1962 gefur hafnarstjórn Landshafnar Keflavíkur-kaupstaðar og Njarðvíkurhrepps út leigusamning til handa gerðarbeiðanda og gerðarþola samkvæmt ályktun hafnarstjórnar frá 28. nóvember 1961, og er þeim leigð 3.375 m² lóð við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík til að byggja á fiskverkunarhús og verbúðir. Gerðarbeiðandi undirritar þenna samning, en gerðarþoli ekki. Þenna sama dag greiðir gerðarbeiðandi helming lóðarleigu eftir hina margnefndu lóð fyrir árið 1962, kr. 4.218.75 til Landshafnarinnar.

Gerðarbeiðandi telur, að framkvæmdir gerðarþola á lóðinni

séu gerðar án nokkurs samráðs við sig og gegn mótmælum sínum. Hann telur einnig, að það sé óumdeilt, að hann eigi leigurétt yfir lóðinni að hálfu á móti gerðarþola í óskiptri sameign, og vísar þar til leigusamnings, sem útgefinn var af Landshöfninni 21. júní 1962. Með því að taka algjörlega í sínar hendur byggingu hússins gerir hann að engu fyrir gerðarbeiðanda þá vinnu, fyrirhöfn og peninga, sem hann hafi lagt í húsið, og hrifsar þetta til sín.

Gerðarþoli kveður lögbannsbeiðnina of seint fram komna, þar sem framkvæmdir séu nú þegar hafnar á lóðinni. Gerðarbeiðandi hefði átt að fá lögbann lagt við því, að framkvæmdir yrðu hafnar. Lóðarsamningur sá, sem gerðarbeiðandi hafi lagt hér fram sem réttarskjal nr. 11, sé ekki skjal til að veita gerðarbeiðanda rétt. Lögbannið nú þjóni engum skynsamlegum tilgangi, sem réttarverndar getur notið, og svo mun það valda miklu tjóni.

Það er upplýst, að samkvæmt ályktun hafnarstjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps hinn 28. nóvember 1961 var þeim gerðarbeiðanda, Gunnari Ásgeirssyni, og gerðarþola úthlutað lóð við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík. Þeir hófu í sameiningu ýmis undirbúningsstörf til þess að geta byrjað framkvæmdir á lóðinni. Gerðarþoli hefur síðan einn og gegn vilja gerðarbeiðanda hafið byggingarframkvæmdir og heldur þeim áfram. Eigi verður annað séð en gerðarbeiðandi hafi öðlazzt þann rétt yfir hinni margnefndu lóð, að framkvæmdir þessar geti varðað hagsmuni hans.

Aðilja máls þessa greinir mjög á um tryggingu þá, er hæfileg sé vegna lögbanns þessa. Upplýst er, að gerðarþoli hefur í smíðum stórt fiskverkunarhús á lóðinni, og virðist stöðvun bygginganna geta valdið honum ófyrirsjáanlegu tjóni. Þykir því verða að krefjast hárrar tryggingar, áður en lögbann verði sett við frekari framkvæmdum.

Samkvæmt því, sem fram er komið í máli þessu, þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögbannsgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda og gegn tryggingu, sem talin er hæfilega ákveðin kr. 400.000.00.

Málskostnaðarkröfur verða ekki teknar til greina sérstaklega hér fyrir fógetaréttinum.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögbannsgerð skal fram fara á ábyrgð gerðar-

beiðanda og gegn 400.000.00 króna tryggingu, sem rétturinn tekur gilda.

Miðvikudaginn 5. desember 1962.

Nr. 97/1962. **Guðjón Jónsson og Ágúst Ólafsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking og frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Atvikum málsins og málsástæðum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 24/1958 skal ágreinigur aðilja sæta úrlausn gerðardóms. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.